

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Malarskarðs 18-20.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 6. apríl sl. að grenndarkynna erindið. Breytingin felst í að í stað tveggja hæða parhúss er gert ráð fyrir einnar hæðar parhúsi. Byggingarreitur er stækkaður úr 242 m² í 300 m² og aðkomuhæð hækkar um 50 cm.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og hefur uppdráttur ásamt greinargerð hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 24. maí 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 9. júní 2022